
Öryggisblað

1. LIÐUR: Auðkenni efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Auðkenni vöru

Vöruheiti:

KÓPAL GÓLFGRUNNUR

1.2 Viðeigandi tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið:

Vatnsþynntur grunnur

Skilgreind notkun

Samkvæmt leiðbeiningum á umbúðamiða

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Framleiðandi /seljandi:

Málning hf
Dalvegur 18
201 Kópavogur
Ísland
Sími: 580 6000

Tengiliður:

Tæknideild Málningar

Netfang:

oryggisblod@malning.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: Sími 112.

Eitrunarmiðstöð Landsspítalans. Sími: 543222.

Sjá liður 4: Ráðstafanir í skyndihjálp

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Óflokkað samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

2.2 Þættir hættumerkingar

Á ekki við

2.3 Annars konar hætta

Viðbótarmerking

Inniheldur 1,2Benzisothiazol-3(2H)-one (BIT) og 5 Chloro-2-methyl-4 isothiazolin-3-one /2-Methyl-2H-isothiazolin-3-one(CIT/MIT) Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

VOC

VOC-max: 1 g/l, hámarksinnihald lífrænna rokefna (fasi IIA/h (VB)): 30 g/l.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

Efni

Inniheldur engin efni sem nauðsynlegt er að tilkynna

Allar hættusetningar er að finna í 16. lið. Notkunarkatmarkanir koma fram í 8. lið ef þær eru til staðar.

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á skyndihjálparúrræðum

- Almennt** : Ef einkenni eru viðvarandi eða vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis.
- Innöndun** : Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslið veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.
- Snerting við húð** : Fjarlægja skal mengaðan fatnað og skó. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynna.
- Snerting við augu** : Athugið og fjarlægjið augnlinsur, ef það er auðvelt. Skolið umsvifalaust með rennandi vatni í a.m.k. 15 mínútur, haldið augnlokum opnum. Leitið umsvifalaust læknishjálpar.
- Inntaka** : Leitið læknisaðstoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.

4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði í bráð og síðbúin

Engin þekkt.

4.3 Ábendingar um tafarlausu læknishjálpi og sérstaka meðferð sem þörf er á

Á ekki við.

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkviefni

- Viðeigandi slökkviefni** : Alkóhólþolin froða, koldíoxíð, duft eða vatnsúði.
- Óhentug slökkviefni** : Notið ekki vatns sprautun þar sem það getur dreift eldinum.

5.2 Sérstök hættu sem stafar af efni eða efnablöndu

- Hættu sem stafar af efninu eða blöndunni** : Við eld eða hitun mun þrýstingur aukast og umbúðir geta opnast
- Hættuleg niðurbrotsefni** : Niðurbrotsefni geta innihaldið: Kolmónoxíð, koldíoxíð.

5.3 Ráðleggingar fyrir slökkvilið

- Sérstakar varnar- aðgerðir fyrir slökkviliðsmenn** : Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og viðeigandi hlífðarfatnað. Fargið menguðu slökkvivatni.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Efni sem ekki hefur kviknað í skal kæla með vatnsúða. Fjarlægið eldfim efni ef það er hægt. Tryggið að loftræsting sé nægileg. Forðist beina snertingu við efni sem lekið hefur eða skvest. Forðist að anda inn gufum frá úrgangi.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfis

Forðist að farga í nánd við stöðuvötn, ár, skolplagnir o.s.frv.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Notið sand, sag, mold, vermikúlít, kísilgúr til að geyma og safna saman eldtraustum ídrægum efnum og setja þau í ílát til geymslu samkvæmt staðarbundnum reglugerðum.

6.4 Tilvísun í aðra liði

Sjá liður 13 um "Förgun" til að fá upplýsingar um meðhöndlun úrgangs.

Sjá liður 8 um "Váhrifavarnir/persónuhlífar" til að fá upplýsingar um varnaraðgerðir.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Reykingar, neysla matar eða drykkjar og geymsla tóbaks, matar eða drykkjar er óheimil í vinnustofum.

Sjá liður 8 um "Váhrifavarnir/persónuhlífar" til að fá upplýsingar um persónuvernd.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. mögulega ósamrýmanleika

Geymið efnið ávallt í ílátum úr sama efni og efnið var upphaflega geymt í

7.3 Sérstök notkun

Þessa vöru má einungis nota í þeim tilgangi sem tekinn er fram í liður 1.2.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Eftirlitsbreytur

Varan inniheldur engin efni sem eru á íslenskri skrá yfir efni með viðmiðunarmörk váhrifa.

DNEL

Engin þekkt

PNEC

Engin þekkt

8.2 Váhrifavarnir

Viðeigandi stjórn tækni : Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið staðbundna loftræstingu og almenna loftræstingu til að halda magni af gufu og ryki í lofti vel undir viðeigandi markgildum.

Persónulegar varnarráðstafanir

Hreinlætis-ráðstafanir : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar, áður en farið er á snyrtingu og í lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt sem mengast hafa af efninu fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskólunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hvernar starfstöðvar.

Augn- og andlits-hlífar : Nota skal augnhlífar samkvæmt vottuðum staðli þegar hætumat bendir til að slíkt sé nauðsynlegt til að forðast að verða fyrir skvettum, loftúða eða ryki.

Handavörn	: Fyrir langvarandi eða endurtekna meðhöndlun skal nota eftirfarandi hanska: Nítríl gúmmí. Hlífðarkrem (barrier creams) geta hjálpað við að vernda þann hluta húðarinnar sem kann að verða fyrir mengun en þau skal þó ekki nota ef efnið hefur þegar borist á húð. Til að velja hanska af réttari gerð með hliðsjón til efnaþols og gegndræpitíma er rétta að leita ráðgjafar hjá söluaðilum á efnaþolnum hönskum. Tryggja skal að endanlegt val á hönskum til að meðhöndla þessa vöru miðist við notkunaraðstæður og hættumat notanda. Skipta skal um hanska reglulega og sér í lagi ef sýnilegar skemmdir eru á efni hanskana. Gætið þess ávallt að hanskar séu óskemmdir og þeir séu geymdir og notaðir á réttan hátt.
Líkamsvörn	: Hlífðarbúnað fyrir líkamann ætti að velja í samræmi við verkið framundan og hættuna sem fylgir meðhöndlun efnisins. Starfsmenn skulu klæðast fatnaði sem vinnur gegn myndun stöðurafmagns. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.
Aðrar hlífar fyrir húð	: Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Rétt er að fá samþykki sérfræðings fyrir verklaginu.
Vörn fyrir öndunarfæri	: Ef starfsmenn eru útsettir fyrir styrk yfir váhrifamörkum verða þeir að nota viðeigandi öndunargrímur.
Takmörkun váhrifa fyrir umhverfið	: Leyfið ekki að komast í holræsi eða vatnsföll.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grundvallareiginleika

Form (fasi)	: Vökvi
Litur	: Ýmsir
Lykt	: Ekki fyrirliggjandi.
Lyktarþröskuldur	: Ekki fyrirliggjandi.
pH	: 8,5 – 8,9
Bræðslu- /frostmark	: Ekki fyrirliggjandi.
Upphafssuðumark og suðumarksbil	: Ekki fyrirliggjandi.
Blossamark	: Ekki fyrirliggjandi.
Uppgufunarhraði	: Ekki fyrirliggjandi.
Eldfimi(fast efni, lofttegund)	: Á ekki við.
Brunatími	: Á ekki við.
Brunahraði	: Á ekki við.
Efri / neðri bruna- og sprengimörk	: Á ekki við.
Gufuþrýstingur	: Ekki fyrirliggjandi
Eðlismassi gufu	: Ekki fyrirliggjandi.
Eðlismassi	: 1,0
Leysanleiki í vatni	: Uppleysanlegt
Deilistuðull: n-oktanól/ vatn	: Ekki fyrirliggjandi.
Sjálfsíkveikjuhitastig	: Ekki fyrirliggjandi.

Sundrunarhitastig	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Seigja	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Sprengifimi	:	Ekki fyrirbyggjandi.
Oxunareiginleikar	:	Ekki fyrirbyggjandi.

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni	:	Ekki fyrirbyggjandi.
10.2 Efnafraðilegur stöðugleiki	:	Varan er stöðug við þær aðstæður sem lýst er í lið 7.
10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum	:	Við venjuleg geymsluskilyrði og notkun eiga hættuleg efnahvörf ekki að eiga sér stað.
10.4 Aðstæður sem ber að forðast	:	Látið ekki vera í hita (t.d. í sólarljósi) þar sem það gæti valdið of miklum þrýstingi.
10.5 Ósamrýmanleg efni	:	Hvarfgjarnt eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: Oxandi efni, sterkar sýrur og basar.
10.6 Hættuleg niðurbrotsefni	:	Við venjuleg geymslu- og notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um vöruna sjálfa. Blandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættuleg efni 1999/45/EB og flokkuð fyrir eiturefnafræðilega eiginleika til samræmis við það. Sjá nánar í liðum 2 og 15.

Bráð eiturrhif

Ekki fyrirbyggjandi.

Húðæting/húðerting	:	Ekki skilgreint
Alvarlegur augnskaði/augnerting	:	Ekki skilgreint
Næming öndunarfæra eða húðnæming	:	Ekki skilgreint
Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur	:	Ekki skilgreint
Krabbameinsvaldandi áhrif	:	Ekki skilgreint
Eiturrhif á æxlun	:	Ekki skilgreint
Sértæk eiturrhif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti	:	Ekki skilgreint

Sértæk eiturhrif á
markliffæri –
endurtekin váhrif
.Ásvelgingarhætta : Ekki skilgreint
Langvarandi áhrif : Ekki skilgreint

Aðrar upplýsingar

Ekkert sérstakt

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif

Ekki fyrirbyggjandi

12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Ekki fyrirbyggjandi

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Ekki fyrirbyggjandi

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Ekki fyrirbyggjandi

12.5 Niðurstöður PBT og vPvB mats

Þessi vara er ekki flokkuð sem PBT né vPvB.

12.6 Önnur skaðleg áhrif

Ekkert sérstakt.

13. LIÐUR: Förgun

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Hindrið að efnið komist í niðurföll eða vatnsfarvegi.

Úrgangsskrá : 08 01 12 Ef þessari vöru er blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi
Evrópu (EWC) kóði gildi ekki lengur. Frekari upplýsingar fást hjá eftirlitsaðlila á hverjum stað.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

Almennt : Notið hlífðarfatnað sem lýst er í lið 8 í þessum öryggisleiðbeiningum.

14.1 – 14.4

Ekki skráð sem hættulegt efni í reglugerðum ADR, IATA og IMDG (alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning).

14.5 Umhverfishætta

Ekki fyrirbyggjandi

14.6 Sérstakar varúðar- ráðstafanir fyrir notandann

Ekki fyrirbyggjandi

14.7 Flutningar búlkfarms skv. II viðauka við MARPOL 73/78 og IBC kóða

Ekki fyrirbyggjandi

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Takmarkanir á notkun

Ekkert sérstakt

Beiðnir um sérstaka þjálfun

Engar sérstakar kröfur.

Viðbótarupplýsingar

Á ekki við

Heimildir

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) um flokkun, merkingu og umbúðir efna og blanda (með áorðnum breytingum).

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1907/2006 (REACH).

15.2 Efnaöryggismat

Nei

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Heildartexti H/EUH setninga:

Skammstafanir og styttingar

ATE = Matsgildi bráðra eiturrhifa

CLP = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun efna og blanda [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008]

DNEL = Afleidd

ESB-H setning = Hættusetning sem á við um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda (CLPreglugerð)

PBT = Efni semR eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð

PNEC = Áætlaður styrkur þar sem engin áhrif eru fyrir sjáanleg

RRN = REACH-skráningarnúmer

vPvB = Efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli

Upplýsingar um útgáfa

Útgáfa	:	1.0
Dagsetning útgáfu/endurskoðunar	:	9.7.2021
Dagsetning fyrri útgáfu	:	---

Viðbótarupplýsingar

Samkvæmt 31. grein í REACH reglugerðinni er ekki skylda að láta öryggisblað fylgja með þessari vöru.

Öryggisblaðið var gert af frjálsum vilja til að veita viðeigandi upplýsingar samkvæmt kröfum 32. greinar í REACH reglugerðinni.

Annað

Breytingar á liðum frá fyrri útgáfu eru merktar á spássíu.

Vöruna skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 1. hluta, án undangengins samráðs við framleiðanda og að fenginni skriflegri verklýsingu.

Þar sem aðstæður við notkun vörunnar eru utan umráða framleiðanda er notandi ábyrgur fyrir því að kröfum viðeigandi reglugerða sé fullnægt. Upplýsingar sem er að finna á þessu öryggisblaði er ekki hægt að nota sem vörulýsingu.